

Fundur 16.10.2023 Bandarískur maður, Marion Smith frá Atlanta.

Góða kvöldið og komið þið blessaðir og sælir.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Takk fyrir.

Eru það stöðug undrunarefni sem mæta mér á þessum nýja hnetti og mikil er hamingja mín að vera búin að fá ungann nýjan líkama á þessum hnetti.

Var það mjög fjarri mér að trúa því og skilja að hlutirnir gætu orðið svo og að yfirleitt eitthvað líf væri eftir dauðann.

Fannst mér það ekki koma heim og saman við vísindalega þekkingu mína eða uppgötvanir á dulsálarfræði, sem ég hafði áhuga á, sem yngri maður en sinnti ekki nema skamma stund og ekki fannst mér trúarbrögðin veita fullnægjandi svar við þeirri spurningu hvort að líf væri eftir dauðann þar sem ósamræmi var í svörum þeirra sem aðhylltust mismunandi trúarbrögð og hafði ég að vísu mína barnatrú og vonaði að vissu leiti að það væri satt og rétt.

En það verður að teljast mjög óljóst eins og því er lýst í kristinni trú, hvað tekur við og hélt ég að það yrði andleg tilvera en ekki líkamleg tilvera.

Og var nú svona alveg eins viss um að ekkert tæki við, en það varð nú samt svo að á móti mér tóku ættingjar og minnti sá staður á sumarbústað sem við í ættinni áttum í minni sveit, með stöðuvatni og volgri uppsprettulæk og grænum engjum og man ég þar fyrst eftir mér eftir að ég kom á þennan hnött.

Og blygðaðist mín, kom nakin fram og voru þar margir saman komnir við lind þess og þóttist ég ekki þekkja þá, nema þá sem komu á móti mér, sem voru mér sumir kunnugir, ættingjar ýmsir.

Var ég svo fluttur á sjúkrahús og var ég ekki svo lengi að ná mér og var ég lengi að spurja sjálfan mig og aðra að því, hvers vegna undirstöðu atriði þessarar nýju tilveru, höfðu ekki verið útskýrð fyrir okkur sem vorum á gömlu jörðinni.

Og fékk ég ekki skýr svör og mismunandi en bauðst mér að ganga í mismunandi trúarhópa sem höfðu verið á jörðinni og ég kannaðist við, en varð ég ekki nema laustengdur þeim.

Og er nú ekki svo langt síðan ég fór að fá fullan líkamsstyrk og sinna starfi mínu sem ég sinnti á jörðinni og finnst mér munurinn mikill á líkamsþreki og mikil er hamingjan yfir því að koma svo mörgu í verk.

En sakna ég minna ættingja og vina frá gömlu jörðinni og höfum við reynt að tala til þeirra í gegnum spíritista og höfum við komið nokkrum skilaboðum á framfæri en erfitt er að láta þau skilja að við séum íbúar annarra hnatta í stjörnugeimnum.

Og þegar við segjum stjórnur, þá segja þau alstralsviðið, ha ha,

En vildi ég gjarnan segja frá því hvað ég er yfir mig ánægður og spenntur yfir öllum þeim tækifærum sem mér bjóðast hér í þessu framlífi og vildi ég einnig votta ykkur Íslendingum virðingu og hef ég talað við, hlustað á erindi frá þeim hnetti sem dr. Helgi talar frá.

Ég er jarðfræði menntaður og hef einnig öðru vísi menntun, bandaríkjamaður og fékkst ég við hellarannsóknir og köfun og er ég mjög undrandi og ánægður yfir þeim möguleikum sem hér veitast til að kanna náttúru og umhverfi þessa hnattar og kemur það mér mjög á óvart að steintegundir eru þær sömu að miklu leiti og þessi hnöttur er byggður úr sömu grunnefnum og gamli hnötturinn og hef ég jafnvel fengið staðfestingu á því frá vísindamönnum sem ekki starfa á mínu sviði, að DNA uppbygging mannskepnunnar á þessum hnetti sé sú sama að mestu leiti.

Já það eru mörg undrunarefnin og það sem kemur mér á óvart er það að vísindi gamla hnattarins gera ekki ráð fyrir því að sama uppbygging efnis og kjarnsýra og líffræðilegrar fjölbreytni sé með svipuðum hætti á mörgum stöðum og eiga þær framfarir eftir að verða.

Þegar ég andaðist á jörðinni var ég orðinn gamall og hafði ekki sinnt fullum störfum í nokkurn tíma og eru það því viðbrigði að komast í ungan líkama og geta sinnt þessu af enn meiri krafti og finn ég svo vel að ég get notað þekkingu mína og reynslu á þessum nýja hnetti og bætt við það sem aðrir hafa gert í greininni.

Er það mjög áhugavert að fornar þjóðir skildu eftir sig listaverk og höggmyndir í hellum, rétt eins og á gömlu jörðinni og hefur margt af því verið útskýrt og rannsakað en má þó vist með sannni segja að útskýringar vanti á mörgum þessara listaverka og tungumál sem ekki er fullur skilningur á sem þarf að ráða og túlka.

Hafa þeir haft verkfæri til að meitla það og mjög spennandi verkefni framundan.

Ælta ég að segja nafn mitt áður en ég kveð, reyna það, og sjá til hvort það tekst.

Frá Atlanta í Bandaríkjunum, Smith, Marion Smith.

Í fyrsta skipti sem ég kem á fund ykkar, var ég mjög spenntur að tala til ykkar á gömlu jörðinni og finnst mér það stórmerkilegt að þessi undirstöðu lögmál skuli einhver hafa uppgötvað á gömlu jörðinni og að það hafi verið Íslendingur.

Já, ég get víst ekki verið mikið lengur í sambandinu og þakka ég fyrir.

*Hve langt er síðan þú fluttist yfir á aðra jörð?*

Það er næstum því ár.

Þakka ykkur fyrir og verið þið sælir.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna.*